



Sveitarstjóri

Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið
Annas Jón Sigmundsson, sérfræðingur
á sviði fiskveiðistjórnunar.

Efni: Blönduósbær – byggðakvóti - sérreglur

Tilvísun í mál: ANR18100054

Ákvæði reglugerðar nr. 685/2018 gilda um úthlutun byggðakvóta Blönduóss með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a). Ákvæði 1. málsl. 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *skipta 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar*, og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. sept., 2018.
- b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019 í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn.
- c) Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi 11. júlí 2018.
- d) Ákvæði 1. málsl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 11. júlí 2018.

Þannig samþykkt á 62. fundi sveitarstjórnar, 11. lið, þriðjudaginn 18. desember 2018.

Blönduós 18 des. 2018.

Valdimar O. Hermannsson,
Sveitarstjóri Blönduósbæjar
valdimar@blonduos.is
S-4554700 & 8606770